Ársskýrsla
Sundfélag Akraness

2025

Almennt:

Sundárið 2025 hjá sundfélagi Akraness var bæði árangurs- og viðburðarríkt. Iðkendur, ungir sem gamlir flökkuðu um landið og út fyrir það til þess að sækja sundmót og æfingabúðir. Iðkendafjöldinn jókst dálítið milli ára en alls voru iðkendur félagsins 455 (388 án sumarnámskeiða) á árinu 2025.

Það verður aldrei of oft tekið fram að iðkendur sundfélagsins eru félaginu alltaf til sóma og sinna íþróttinni af metnaði og hafa gaman af. Þannig verða sigrar hvers og eins mikilvægir, bæði persónulegir og í sundlauginni.

Einar Margeir Ágústsson var útnefndur Sundmaður Akraness í kjörinu um Íþróttamann Akraness fyrir árið 2025. Einar Margeir hlaut þann titil og er félagið afar stolt af Einari. Óskum við honum aftur til hamingju með titilinn.

Stjórn Sundfélags Akraness er virkilega ánægð með það starf sem unnið er að hjá félaginu. Sundfélag Arkaness stendur þó frammi fyrir ákveðnum vanda þegar kemur að brottfalli iðkenda um 11 ára aldurinn þegar þeir færast úr Bjarnalaug yfir í Jaðarsbakkalaug. Að fara að æfa í útilaug allan ársins hring er ekki aðlaðandi fyrir alla krakka og þeir hverfa þá gjarnan til annarra íþrótta eða hætta. Félagið lætur sig dreyma um þétta og kraftmikla sundhópa sem lífga upp á jaðarsbakkalaug. Einnig lítur út fyrir niðursveiflu þegar kemur að eldri sundmönnum og afreksstarfinu á næstu 2-3 árum. Ef heldur áfram sem horfið óttast stjórn félagsins að erfitt geti reynst að halda úti afreksstarfi eins og verið hefur síðustu ár.

Síðasta ár tók á!

Eins og fram hefur komið á fjölmörgum aðalfundum félagsins hefur sundfélagið áhyggjur af sundaðstöðunni hér á Jaðarsbökkum. Viðhaldi laugarinnar er ekki sinnt nægilega vel, og að halda úti æfingum allt árið um kring hefur reynst á köflum erfitt þegar veður eru slæm. Bjarnalaug er frábær en loftgæðum þar inni er verulega ábótavant. Kostur væri fyrir félagið að hafa aðgengi að fleiri tímum í Bjarnalaug til að geta sinnt þeirri eftirspurn sem við höfum fyrir þá aldurshópa sem þar æfa.

Á árinu höfum við átt mörg samtöl við Akraneskaupstaður sem við metum mikils. Við upplifum mikinn skilning á þessum fundum, en því miður hefur í lang flestum tilfellum ákvörðunum um nýja sundlaug verið frestað eða málum hafnað.

Við þökkum öllum okkar styrktaraðilum, ÍA, Akraneskaupstað og öðrum velunnurum fyrir stuðninginn á árinu.

Stjórn og starfsmenn

Stjórn:
Stjórn SA var óbreytt á árinu 2025.

Stjórn SA er skipuð þannig:

Formaður:	Valdimar Ingi Brynjarsson
Varaformaður:	Guðrún Guðbjarnadóttir
Gjaldkeri:	Maríanna Pálsdóttir
Ritari:	Þórdís Bj. Guðmundsdóttir
Meðstjórnendur:	Ágúst Júliusson, Guðmundur Júliusson og Emilia Orlita

Starfsmenn

Stort skréf var tekið haustið 2025 þegar Marino Ingi Adolfsson var ráðin í 75% starf fyrir þjálfun í yngri hópum, sérhópum og til að hefja að nýju starf hjá sunddeild Skallagríms.
Yfirþjálfari og framkvæmdastjóri SA er sem áður Kjell Wormdal.
Jill Syrstad þjálfar yngri hópa í 50% starfi og Bjarney Guðbjörnsdóttir þjálfar B-hóp.

Námskeiðsþjálfarar voru
Elin Björk Daviðsdóttir (Ungbarnasund)
Vilborg Lárusdóttir (Ungbarnasund / Fjörfiskar)
Iris Arna Ingvarsdóttir (Krossfiskar)
Ingibjörg Svava Magnúsardóttir

8 aðstoðarþjálfarar voru virk yfir árinu.

Fjármál og rekstur
Fjárhagstaða félagsins er góð og er eigið fé að verðmæti 14.690.276
Handbært fé: 12.242.066
Innkoma félagsins í æfingagjöldum og styrkjum var: kr. 36.639.694
Rekstrargjöld voru: 39.457.226
Tap félagsins var 2.230.738

Tapið skýrist að mestu leyti af kaupum á tæknibúnaði sem nauðsynlegur er til að halda löglegt sundmót. Því miður fékkst ekki styrkur vegna þessa frá Akraneskaupstað, þar sem búnaðurinn telst til sértæks búnaðar.

Fjöldi iðkenda

Iðkendur Sundfélags Akraness voru 388 yfir árið sem er örlítil fleiri en á fyrra ári. Aukning hefur verið í yngri hópum og þá sérstaklega meðal barna á leikskólaaldri og í 1. bekk. Langir biðlistar hafa verið í þessa hópa. Á sama tíma hefur fækkað hjá okkur í afrekshópum og unglingahópum, mest megnis

vegna náms og búsetuflutninga. Á sama tíma hefur það verið fjölgun í 9-11 ára hópum hjá okkur, sem við vonum að haldi áfram og snúi þessari þróun við á næstu árum. Iðkendafjöldi félagsins að meðtöldum leikskólanámskeiðum og skriðssundnámsskeiðum á árinu 2025 var 455.

Samantekt yngri hópa
Fjögur innanfélagsmót voru haldinn í Bjarnalaug með 30-40 þátttakendum á aldrinum 7-12 ára. Landsbankamótið og Bárumótið voru haldin með hefðbundnu sniði í Bjarnalaug með 35-45 þáttekendum.

Nýjungar frá haustinu voru að vera með fleiri sýningar. Í 1. bekk var farið af stað með brons- og silfursýningu og munum við taka inn gullsýningu vorið 2026. Þetta hefur tekist mjög vel og verið vinsælt meðal barna og foreldra.

Æfingaferð var farin til Þorlákshafnar sem tókust mjög vel í samstarfi við Breiðablik.

Flestir iðkendur okkar tóku þátt í öllum helstu mótum sem fóru fram í Reykjanesbæ og á höfuborgarsvæðinu.

8 sundmenn tóku þátt í Aldursflokkameistaramóti Íslands sem fór fram á í Akureyri og Karen Anna Orlita var Aldursflokkameistari 12-13 ára.

Ungbarnasund á vegum sundfélagsins hefur verið mjög vel sótt síðustu ár og það heldur vinsældum. Færri komast að en vilja og oftast biðlistar í flesta hópa. Sundfélagið er stolt af því að geta staðið fyrir vona öflugu ungbarnastarfi.

Samantekt afrekshóps
Sundfélag Akraness eignaðist einn Íslandsmeistara á árinu, Einar Margeir Ágústsson og einn unglingameistara, Sunna Arnfinnsdóttir.

Samtals vann félagið til 16 verðlauna á Íslandsmeistaramótum ársins á IM50 (10) og IM25 (6)
Verlaunahafar félagsins voru:
Í einstaklingsgreinum: Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir, Sunna Arnfinnsdóttir
Einar Margeir Ágústsson, Guðbjarni Sigþórsson og Kajus Jatautas

Bikarmót tók breytingum á árinu og nú var bara 4 lið í fyrsta deild og keppt í einum flokki (karla og kvenna saman), ÍA keppti i 2. deild í ár og stoð upp sem sigurvegarar í þeirri deild.

Á Sumarmeistramót Íslands unnum við silfur í liðakeppni í 16 ára og eldri.

Um þessar mundir eru þrír iðkenda Sundfélagsins sem eru búsettir í bandaríkjunum og stunda þar háskólanám og afreksæfingar. Þau keppa enn undir merkjum ÍA.

Samantekt Garpa

Við skulum ekki gleyma görpunum okkar, frábær hópur fólks sem kemur saman til þess að rækta félagsskap og heilsu.
Æfingar garpa eru þrisvar sinnum í viku, eitt skipti með þjálfara. Ágúst og Guðmundur Júliussynir tóku við þjálfun af Kjell haustið 2025.
Í ár voru aðeins tveir að keppa á IMOC, og árangurinn var glæsilegur hjá þeim Kara Geirlaugssyni og Hallberu Johannesdóttur sem vann til 10 gullverlauna og 2 silfur samtals.
Kári setti 2 Íslandsmet í sinu aldursflokki og Hallbera setti eitt Íslandsmet.

Landslið

Það var mikið að gera hjá okkur landsliðsfólki á árinu.
Einar Margeir Ágústsson tók þátt í fjölda móta og æfinga búðir yfir árinu með A-landslið Íslands. Hann vann til gullverlaun og silfurverlaun á Smáþjóðleikum í Andorra bæði sem einstaklingur og í boðsundi.
Á Evrópumeistaramótinu undir 23 kom Einar Margeir í Úrslit í 100m bringusund og var nr. 8
Hann keppti á HM í Singapore og dvaldi þar í æfingabúðum á undan.

Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir var í A-landslið og tóku þátt í World Cup í Toronto
Guðbjarni Sigþórsson tóku þátt í Taastrup Open með Unglingalandsliði Íslands.
Kajus Jatautas og Karen Anna Orlita tóku þátt í æfinga búðum framtíðar hóps á árinu.

Kjell Wormdal fór sem þjálfari á æfinga búðum og HM í Singapore
Bjarney Guðbjörnsdóttir var farastjóri Taastrup open, NÆM. og NM

Akranesmet
13 Akranesmet voru sett í fullorðinsflokki einstaklinga:
Einar Margeir Ágústsson 10 stk
Guðbjarni Sigþórsson, 1 stk
Enrique Snær Llorens 1 stk
Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir 1 stk.

5 Akranesmet voru sett í aldursflokkinn 15 ára og yngri:
Kajus Jatautas 5 stk

Íslandsmet Fullorðinna
Einar Margeir Águstsson í 4x100m fjórsund blandað þar hann synti bringusundsprettinn.

Vit-Hit leikar 2025

VIT-HIT leikarnir í sundi fram í Jaðarsbakkalaug. Góð þátttaka var á mótinu í ár en alls tóku 322 krakkar þátt frá 10 félögum. Það var því líf og fjör í lauginni um helgina enda stungu sundkrakkarnir sér alls 1519 sinnum til sunds.

Í Grundaskóla gistu um 250 sundmenn, þjálfarar og fararstjórar og í skólanum borðuðu einnig sundmenn og starfsmenn mótsins.

Sundfélag Hafnarfjarðar reyndist stigahæsta félagið að loknu móti og hlaut einnig titilinn „prúðasta liðið“. Þá áttu margir sundmenn glæsilega spretti, bættu persónuleg met eða kepptu í fyrsta sinn á alvöru sundmóti – reynsla sem mun efla þau til framtíðar.

Til að allt gangi upp á móti sem þessu þurfa margir að leggjast á eitt og kom í ljós að aðstandendur Sundfélags Akraness er öflugur hópur. Foreldrar sundmanna ásamt velunnurum félagsins stóðu vaktina alla helgina við hin ýmsu störf eins og dómgæslu, riðlastjórn, matarskömtun, veitingasölu, bakstur, uppvask og ýmislegt fleira.

Dómarateymi hvers mótshluta telur 18 manns. Á Vit-Hit leikunum ríkir ávallt góður andi og sunddómurum viðsvegar að af landinu þykir eftirsóknarvert að taka þátt með okkur á Skaganum og fyrir það erum við hjá Sundfélagi Akraness afar þakklát.

Starfsfólk Jaðarsbakkalaugar stóð við bakið á okkur í ár eins og hingað til. Það er ekki síst þeim að þakka að mótshelgin gekk eins vel og raun ber vitni og berum við þeim miklar þakkir fyrir.

Ekki má gleyma sundkrökkunum okkar sem kepptu um helgina og störfuðu við mótið. Við erum afar stolt af þessum krökkum og eru þau félaginu sínu til mikils sóma.

Annað

Æfingar í Hafnarfirði

Afrekshópur SA hefur haldið því fyrirkomulagi að keyra til Hafnarfjarðar á laugardögum til að ná inn æfingum í laug sem eru 50m því mikilvægt er að sundmenn okkar haldi tilfinningunni fyrir þeirri lengd laugar. Sundfélag Hafnarfjarðar hefur stutt við bakið á okkur með því að leyfa okkur að æfa í lauginni og kunnum við þeim miklar þakkir fyrir.

Æfingarbúðir á Spáni

Haldið var til Callella á Spáni um haustið í samstatf með Breiðablik, þar sem tíminn var vel nýttur í undirbúning fyrir komandi tímabil. Callella er frábær staður til að vera á þar er gott umhverfi og aðstaða fyrir afreksfólkið okkar.

Allir Með

Í haust var farið af stað með verkefni Allir með sem er hugsað fyrir börn sem þarf meira stuðning/Sérþarfir.
Tveir hópar hefur verið í boði, 1-4 bekk og 4-10 bekk. Samtals hefur 10 börn mætt að þeim æfingum og verkefni mun halda áfram í 2026.

Útvarp Akranes

Útvarp Akranes er eitt af mikilvægustu fjáröflunum félagsins. Á ári hverju er útvarpað fyrstu helgina í aðventu og hefur útvarpið skapað sér sess sem mikilvægur þáttur í jólaundirbúningi Skagamanna. Að vanda var dagskráin fjölbreytt enda skapandi og skemmtilegir þáttastjórnendur sem lögðu útvarpinu lið. Vel gekk að afla tekna með auglýsingasölu og þökkum við fyrirtækjum, stofnunum, félögum og einstaklingum fyrir stuðninginn. Að þessu sinni var útvarpað frá Brekkubæjarskóla þar sem Landsbankahúsið, sem hýst hefur útvarpið til margra ára, var frátekið vegna kvikmyndagerðar.

í ár var útvarpið gert aðgengilegra en áður og er það liður í því að fá meiri hlustun, sérstaklega þar sem útvörp eru að vera til á færri og færri heimilum. En útvarpið fékk að vera aðgengilegt í appinu SPILARINN yfir þessa helgi sem heppnaðist mjög vel. En ásamt því að vera þar að þá vorum við á 95,0 og einnig streymi sem hægt var að hlusta á í gegnum iasund.is.

Við þökkum brekkubæjarskóla kærlega fyrir lánið á húsnæðinu. Sérstakar þakkir til útvarpsnefndar, þáttastjórnenda og sjálfboðaliða sem leggja allt sitt af mörkum til þess að láta þetta allt ganga upp.

Garpamót Akranes

Haustið 2025 stóð félagið fyrir garpamóti í Jaðarsbakkalaug einn föstudags-seinnipart þar sem keppendur voru alls 25. Keppt var í nokkrum stuttum greinum og tók um klukkutíma að rúlla í gegnum greinarnar og allir keppendur með bros á vör. Að smá potti loknum mættu keppendur í hátíðarsalinn og gæddu sér á dýrindis Pizza. Gott að enda góðan dag vel.

Samstarf Skallagrímur

Með stuðningi frá Hvatasjóði UMFI tókst að hefja sundæfingar aftur í Borgarnesi eftir langt hlé. Samstarfið felur í sér að Sundfélag Akraness útvegar þjálfara fyrir Skallagrím.
Í haust hafa yfir 40 börn úr 1.-10. bekk stundað sundæfingar.

Á næsta ári stendur til að fara í sameignlega verkefni t.d æfingabúðir, sundmót og ferð erlendis. Marino Ingi er virkur sem þjálfari Skallagríms.

Heiðursviðurkenningar

Á ársþingi Sundsambands Íslands 29. Mars sl. voru nokkrir Skagamenn sæmdir heiðursmerki sambandsins fyrir störf sín í þágu sundhreyfingarinnar. Silfurmerki sambandsin fengu þau Ágúst Júlíusson, Arnheiður Hjörleifsdóttir og Kári Geirlaugsson. Hildur Karen Aðalsteinsdóttir fyrrum framkvæmdastjóri SSÍ og fyrrum stjórnarmaður í framkvæmdastjórn ÍSÍ var sæmd gullmerki Sundsambandsins fyrir margvísleg störf í þágu sundíþróttarinnar á Íslandi. Sundfélagið er afar stolt og þakklátt fyrir störf þessa góða fólks.